

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	<b>Fundargerð (Fundur skólanefndar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 1 af 3		

Dags.: 7.4.2021	Tími: 16:00	Staðsetning: Teams	Fund boðaði: LGJ
-----------------	-------------	--------------------	------------------

#### Þátttakendur

Mættir:	Lilja Guðný Jóhannesdóttir, Birgir Jónsson, Hafliði Hinriksson, Pálína Margeirsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Hlöðver Hlöðversson, Sigurður Ólafsson, Hákon Þorbergur Jónsson, Jón Björn Hákonarson, formaður, Sigurborg Hákonardóttir, Karen Ragnarsdóttir.
Fjarverandi:	Sævar Örn Arngrímsson.

#### Dagskrá:

1. Afkoma ársins 2020
2. Rekstraráætlun 2021
3. Tölur á vorönn 2021
4. [Gjaldskrá](#) 2021 – 2022
5. ISO 9001 úttektarniðurstöður
6. Breytingar austurenda – staðan
7. Skóladagatal – drög
8. Ytra mat VA – [skýrsla lögð fram til kynningar](#)
9. Rýni stjórnenda - [skýrslur](#)
10. Fab Lab
11. Starfsmannamál – auglýsingar
12. Önnur mál
  - a. Staðfesting fundarboða

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1.	Lilja og Sigurborg fara yfir afkomu ársins 2020. Það stefndi í slæma afkomu en leiðréttingar komu á mótí sem sneri stöðunni við. Það ber að fagna því að við séum í góðum málum en þetta getur þó haft áhrif á trúverðugleika þar sem það var ráðist í ýmsar aðgerðir á árinu til niðurskurðar.
2.	Lilja fer yfir rekstraráætlun ársins 2021. Fjárheimildir hafa hækkað töluvert og skólinn verður vel rekstrarhæfur. Það er búið að staðfesta að þessar heimildir muni halda sér.
3.	Karen fer yfir tölur vorannar 2021. Farið er yfir nemendaaukninguna sem hefur að mestu verið í fjarnámi og þá helst í sjúkraliðanámi. Að auki bendir Karen á mikla

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	<b>Fundargerð</b> <b>(Fundur skólanefndar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 2 af 3		

	<p>tilfærslu nemenda yfir á opna stúdentsbraut sem er orðin langstærsta stúdentsbrautin innan skólans. Lilja bendir á að brottfallstölur hafa hækkað undanfarnar annir. Á haustönn var brottfallið innan skólans 8,2%. Að auki hafa brottfallsmælingar ráðuneytisins sýnt fram á 6,7% brottfall en árin þar á undan var það 0. Sú aðferð sem notuð er hjá ráðuneytinu er að skoðaður er árangur nýnema og hvort þeir innritist á annað ár í framhaldsskóla. COVID má teljast líkleg ástæða fyrir þessari aukning.</p>
4.	<p>Lilja fer yfir tillögur að gjaldskrá fyrir skólaárið 2021-2022. Tillagan er sú að gjaldskrá verði óbreytt á næsta ári þar sem töluverðar gjaldskrárbreytingar voru gerðar fyrir núverandi skólaár. Það þarf þó að skoða ýmsa þætti í verknáminu, s.s. efnisgjöld og persónuhlífar. Gjaldskrá mótuneytis tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Fundurinn samþykkir tillögurnar.</p>
5.	<p>Birgir fer yfir vottunarúttekt á ISO 9001 sem fór fram dagana 11. og 12. mars. Vottunarstofan iCert sá um vottun. Skýrsla í kjölfar vottunar barst í dymbilviku og innihélt hún engar athugasemdir. Í kjölfarið var skýrslan send vottunarnefnd sem staðfesti þann 6. apríl að skólinn hefði hlotið vottun.</p> <p>Fundurinn fagnar þessu stóra skrefi sem hefur verið stigið.</p>
6.	<p>Lilja fer yfir stöðuna á Austurendanum. Menn á vegum Ríkiseigna hafa verið í skólanum að fara yfir stöðuna. Ber það hæst að farið var yfir mótun á rýmum fyrir nemendur með tilliti til þess hvernig verið er að nýta Austurendann núna. Nemendur eru þar í fjölbreyttum minni rýmum og verður horft til þess í hönnuninni framundan.</p> <p>Hlökkver bendir á að mikilvægt sé að gera myglupróf á gamla hlutanum í byggingunni áður en ráðist er í framkvæmdirnar. Lilja hefur samband við Kristján hjá Ríkiseignum varðandi það.</p> <p>Jón Björn bendir á hvað þessar breytingar eru mikilvægar fyrir lífið í skólanum. Það að fá hjarta í skólann muni skila sér m.a. í enn betra félagslífi.</p>
7.	<p>Lilja fer yfir drög að skóladagatali 2021-2022 sem eru lögð fram til kynningar. Byggt verður á sama grunni og á núverandi skólaári m.t.t. umsagna og námsmatsdaga í kringum þær. Nemendadagar eru jafnmargir á hvorri önn en námsmatsdagar eru fleiri á vorönn.</p>
8.	<p>Birgir fer yfir helstu niðurstöður af ytra mati sem framkvæmt var á árinu 2020. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar heilt yfir og kemur skólinn vel út. Í kjölfarið verður umbótaáætlun unnin og er vinna hafin við hana.</p>
9.	<p>Birgir fer yfir rýni stjórnenda sem er mikilvægur þáttur í ISO 9001 staðlinum. Rýni stjórnenda er fundur sem er haldinn í lok hvorrar annar fyrir sig þar sem farið er yfir allar mælingar, gæðamarkmið, innri úttektir o.fl. Fundurinn sitja gæðastjóri, skólameistari og aðstoðarskólameistari. Afurð fundarins er umbótaáætlun fyrir komandi önn. Þessi áætlun heldur fókus í starfinu og veitir afar gott aðhald.</p>

Nr.: GÁT-040	<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 30.01.2018	<b>Fundargerð (Fundur skólanefndar)</b>	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt:		
Síða 3 af 3		

10. Lilja og Jón Björn fara yfir samkomulag sem hefur verið gert varðandi endurofnun Fab Lab Austurland. Samkomulagið er gert á milli VA, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Fjarðabyggðar og er til þriggja ára. Verið er að auglýsa eftir starfsmanni sem mun taka til starfa í haust. Gríðarleg tækifæri felast í þessu fyrir allt samfélagið og skólann þar með.
11. Lilja fer yfir starfsmannamál fyrir haustönn. Verið er að auglýsa eftir kennurum í ensku, spænsku og bygginga- og mannvirkjagreinum. Einnig stendur til að auglýsa eftir kennara í vélstjórn.
- Hlökkver spyr út í störf stjórnenda, hvort það þurfi ekki að huga að því að minnka vinnuálagið þar þannig að fólk brenni ekki út. Lilja svarar því til að stjórnendur vinni allt of mikið. Það sé hægt að skoða þetta núna en ómögulegt sé að sjá hvað framtíðin beri í skauti sér.
- Jón Björn og Lilja fara yfir möguleikana varðandi störf stjórnenda sem verður þá hægt að leggja fyrir á næsta fundi nefndarinnar sem verður í byrjun júní.
12. Lilja fer yfir samþykkt fundarboða. Mikilvægt er að nefndarmenn samþykki/hafni fundarboðum þegar þau berast þannig að staðan sé ljós með fyrirvara.
- Hákon Þorbergur fer yfir stöðuna í félagslífinu. Stjórn nemendafélagsins hafði ákveðið að halda árshátíð en ekkert ball en óvissa kom í stöðuna í kjölfar breyttra sóttvarnareglna. Fundað var í dag þar sem leitað var leiða til þess að halda einhvers konar árshátíð. Útbúið verður árshátíðarmyndband sem verður sent út sama hvernig takmörkunum verður háttað. Skoðað verður hvort skemmtikraftarnir sem búið er að bóka geti verið með einhvers konar framlag.
- Fundarmenn hrósa stjórn nemendafélagsins fyrir að leggja ekki árar í bát þrátt fyrir mikið mótlæti.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 7.4.2021

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):  
Í rafrænni málaskrá skólans